

Torfhleðslunámskeið að Tyrfingsstöðum á Kjálka í Skagafirði

Dagana 25. ágúst til 2. septembers 2008 var haldið torfhleðslunámskeið sem var sjötti og síðasti hluti verkefnisins Arfleiðin afhjúpuð. Þátttakendur komu frá Írlandi, Bretlandi, Slóvakíu, Þýskalandi, Kýpur og Íslandi. Verkefnið fólst í að endurbyggja torfbæ í Skagafirði í samvinnu við Fornverkaskólann í Skagafirði og við verkið var unnið með verkfæri sem notuð hafa verið öldum saman.

Ferðin hófst í Reykjavík á mánudagsmorgni og var gerð tilraun til að sýna gestunum landið okkar þrátt fyrir rigningsudda. Voru ferðalangar orðnir ansi lúnir þegar komið var að Löngumýri þar sem gíst var meðan námskeiðið stóð.

Á þriðjudeginum var haldinn fyrirlestur um torfhlaðin hús og kynnt fyrir okkur hin ýmsu heiti á torfi t.d klambra, strengur og torf. Eftir fyrirlesturinn var haldið til Glaumbæjar þar sem þátttakendur fengu innsýn í hvernig heldra fólk bjó áður fyrr og farið var í gegnum mismunandi hleðslur á torfi. Að því loknu var þátttakendum boðið upp á rjómaþandað skyr sem féll í góðan jarðveg hjá flestum. Þá var haldið að Reynistað, húsakostur þar skoðaður og sögð saga þeirra



bræðra sem þar bjuggu. Næstu tveir dagar voru vinnudagar þar sem farið var að Tyrfingsstöðum. Tók þar á móti okkur kennari námskeiðsins Helgi Sigurðsson torfhleðslumaður. Byrjaði hann á því að sýna okkur bæði fallin og endurgerð torfhús á staðnum. Nú þurftum við að finna hentugan stað til að sækja efnivið í húsin en torfið þarf að hafa frekar langt rótarkerfi og finnst það í blautum jarðvegi. Að því loknu var farið að stinga upp klömbu með stungu- og undirristuspaða. Gekk það misvel enda flestir óvanir vinnu sem þessari. Þarna sást að það er ekki sama hvernig þetta er gert til að allt gangi upp en æfinginn skapar meistarann. Að þessu loknu var farið að skera streng og torf með ljá sem hvoru tveggja er ákveðið form á torfi. Var úthald manna misjafnt þar sem þessi vinna tekur verulega á þol og styrk. Á þessu stigi var hópurinn tilbúinn í að takast á við það verkefni að endurgera torfhús. Byrjað var á að klára fjárhús sem var langt komið í enduruppbyggingu og gert við hlöðu sem tengd er við það. Þá var tekið til við að hreinsa út úr hesthúsi sem er áfast við sjálfan bæinn. Við það starf fengu þátttakendur örtilta innsýn í

fornleifafræði þar sem moka varð út úr húsinu með handverkfærum og nauðsynlegt var að vera meðvitaður um allt það sem gæti leynst inni fyrir. Við vinnuna kom ýmislegt í ljós m.a. myndarlegur hestshaus. Þegar mokað er út úr húsi sem þessu þarf að gæta þess að hreyfa við sem minnstu t.d steinum, heilu torfi og timbri sem gæti sagt okkur eitthvað um útlit hússins innan sem utan. Þegar við höfðum hreinsað húsið var allt teiknað og mælt upp. Eftir þetta var hægt að hefjast handa við uppbyggingu hússins.



Að loknum vinnudögum tveimur var tekinn einn frídagur sem nýttur var í skoðunarferð. Farið var með hópinn að Goðafossi og Mývatni og Dimmuborgir skoðaðar. Þá lá leiðin í Jarðböðin við Mývatn og að Kröflu. Á leið heim var komið við á Akureyri þar sem borðaður var kvöldverður og nokkrir skelltu sér á kaffihús að því loknu. Að loknum frídegi var aftur tekið til starfa við torfbæinn og veggir byggðir upp úr streng, torfi og klömbu. Þá fengum við einnig kennslu í að rífa rekaviðsboli í árefti sem verður notað í þök húsanna á næsta námskeiði sem haldið verður á vegum Fornverkaskólans.

Eins og áður hefur komið fram var þetta ekki einungis vinna við torfhleðslu því reynt var að brjóta upp dagskrána með ferðalögum, ýmsum fróðleik og skemmtun t.d. fór stór hópur í riverrafting og aðrir í fuglaskoðun. Einnig var farið í Minjasafnið á Sauðárkrók, Vesturfarasetrið á Hofsóss og Síldarminjasafnið á Siglufirði.

Heimferðin frá Löngmýri er nokkuð eftirminnileg fyrir þær sakir hversu löng hún var og hversu margt við náðum að sjá. Fórum við sem leið lá suður og inn Hvalfjörð gegnum Laxárskarðið í Kjós yfir á Þingvelli. Stoppað var við Almannagjá og voru þátttakendur útskrifaðir



þar á brúninni. Að útskrift lokinni gengu allir sem tilheyrðu erlenda hópnum niður gjánna og hittu þar fyrir Íslendingana í hópnum. Frá Þingvöllum var haldið að Geysi þar sem teknar voru nokkuð margar myndir af Strokk. Frá Geysi var haldið að Gullfossi og enn fleiri myndir teknar. Ekki var allt búið því farið var með hópinn að Hagavatni við Langjökul og þaðan var haldið á Eyrarbakka þar sem Byggðasafn Árnesinga var skoðað

og snæddur var lokakvöldverður .

Með þátttöku minni á þessu námskeiði hefur skilningur minn á mikilvægi þess að viðhalda þekkingu á vinnubrögðum við gerð torfhúsa aukist og að fleiri kunni þetta handverk en nú er. Það sem tekur við núna er að halda því við sem ég hef þegar lært og að læra meira. Mín skoðun er sú að þessi byggingararfleifð megi ekki glatast og gaman væri fá að taka þátt í henni á komandi árum. Þá var bæði gaman og fróðlegt að vinna með fólki af ýmsu þjóðerni og með fjölbreyttan bakgrunn og að ferðast með því um landið mitt og sjá það með augum gestsins. Hversdagslegir hlutir í mínum augum voru stórkostlegir í þeirra augum og þarna eignaðist ég góða vini.

Með kveðju,

Sævar Hilmarsson